

Áfengisneysla 2007

Consumption of alcoholic beverages 2007


Samantekt Áfengissala hér á landi var um 1.852 þúsund alkóhóllítrar árið 2007 á móti 1.722 þúsundum alkóhóllítra árið 2006. Aukningin er um 7,6% milli áranna. Salan samsvavar 7,53 alkóhóllítrum á hvern íbúa 15 ára og eldri, en var 7,20 alkóhóllítrar á árinu 2006. Sú aukning er 4,6% milli ára. Í lítrum talið var aukningin um 7% milli ára, úr 23,2 milljónum lítra árið 2006 í 24,8 milljónir lítra árið 2007.

Inngangur

Hagstofan og forverar hennar hafa safnað tölulegu efni um áfengissölu allt frá árinu 1881. Ýmsar breytingar hafa orðið á skýrslugerðinni í gegnum tíðina. Talnaefni, frá og með árinu 1995, sem birtist í meðfylgjandi töflum er byggt á sölu ÁTVR og skýrslum sem aðrir leyfishafar senda Hagstofunni. Heildartölur um neyslu eru byggðar á sölu ÁTVR að viðbætti sölu leyfishafa til veitingahúsa, hótela, sendiráða, svo og það sem notað er til kynningar innanlands. Í tölunum er hins vegar ekki meðtalið áfengi sem áhafnir skipa og flugvéla flytja inn í landið, eða það magn sem ferðamenn taka með sér frá útlöndum eða kaupa í fríhöfn. Ekki er heldur meðtalið það magn sem ÁTVR eða aðrir aðilar flytja úr landi eða selja til Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Mynd 1. Áfengisneysla í alkóhóllítrum 1980–2007, á íbúa 15 ára og eldri

Figure 1. Consumption of alcoholic beverages 1980–2007, per inhabitant 15 years and over



Neysla og neysluvenjur

Breytingar á neysluvenjum í kjölfar lögleiðingar bjórsölu 1989


Sala bjórs var lögleidd á Íslandi 1. mars 1989. Frá þeim tíma hefur orðið mikil breyting á neysluvenjum og jafnframt mikil aukning áfengisneyslu. Árið 1988 hafði áfengisneysla á Íslandi, mæld í hreinum vínanda, skipst þannig að 77% voru sterkir drykkir en létt vín voru 23%. Árið 1989 hrapaði hins vegar hlutur sterkra drykkja niður í 52% og hlutur léttra vína hrapaði niður í 14%. Sala bjórs varð 34% af heildarsölu áfengis í alkóhóllítrum talið þó að einungis væri um 10 mánaða sölu að ræða. Neysla bjórs minnkaði næstu ár á eftir, en frá árinu 1993 hefur hún aukist stöðugt og á síðari árum hefur hún verið um 52% af áfengisneyslu, mælt í alkóhóllítrum (sjá mynd 1). Hlutfallslegar breytingar á neyslu síðustu 11 árin eru sýndar í mynd 2.

Bjór, létt vín og sterk áfengi

Áfengisneysla í alkóhóllítrum á hvern íbúa 15 ára og eldri hefur aukist úr 4,33 alkóhóllítrum árið 1980 í 7,53 alkóhóllítra árið 2007, sbr. töflu 1. Sú aldursviðmiðun hefur lengi verið notuð vegna alþjóðlegs samanburðar. Taflan sýnir einnig heildarsölmagn í þúsundum alkóhóllítrum talið og neyslu miðað við heildarmannfjölda. Neysla í lítrum árið 2007 skiptist þannig að bjórneysla er um 79 lítrar á ári á hvern íbúa 15 ára og eldri, neysla léttra vína er um 16,3 lítrar og neysla sterkra drykkja um 3,9 lítrar á ári. Sala á sterkum drykkjum hefur aukist á ný á allra síðustu árum og neysla gosblandaðra drykkja hefur aukist mikið og er hún sýnd sérstaklega í töflu 1. Hefur sú neysla aukist frá 0,7 lítrum árið 2000 í um 1,7 lítra á hvern íbúa 15 ára og eldri árið 2007. Hægt hefur á hinni miklu aukningu sem verið hefur á sölu á léttu víni og er hlutur þess nú um 27% af áætlaðri heildarneyslu. Neysla bjórs er áætluð um 52%, sem er nokkurn veginn hið sama og undanfarin fjögur ár. Hlutur sterkra vína að viðbættum þeim gosblönduðu drykkjum sem eru að grunni til sterkir drykkir hefur hins vegar aukist smávegis. Skilgreining á sterkum drykkjum og léttu víni frá og með 1993 er sú að drykkir sem eru yfir 22% að styrkleika teljast sterkir, en það sem er 22% eða minna, að bjórnum frátöldum, telst létt vín.

Mynd 2. Áfengisneysla í alkóhóllítrum 1996 og 2007


Figure 2. Consumption of alcoholic beverages 1996 and 2007



Mynd 3 sýnir þróun í neyslu helstu tegunda áfengis frá árinu 1996 (sjá einnig töflu 2). Neysla rauðvíns og hvítvíns hefur aukist mest og jókst neysla rauðvíns meira fyrri hluta tímabilsins, en árin 2006 og 2007 varð aukning í sölu rauðvíns minni en fyrri ár. Aukning í sölu hvítvíns hefur verið mjög mikil á allra síðustu árum. Um 17% aukning varð milli áranna 2006 og 2007 og um 15% aukning næstu tvö ár þar á undan. Þjórneysla hefur aukist minna, en aukning á því áfengi sem fellur undir liðinn „annað“ skýrist af mikilli söluaukningu á blönduðum drykkjum, en stór hluti þeirra eru tilbúnar blöndur sem seldar eru á álfka flöskum og gosdrykkir.

Mynd 3. Breytingar á áfengisneyslu í lítrum frá 1996, 1996=100

Figure 3. Changes in consumption since 1996, litres, 1996=100




Upprunalönd

Skýrslur leyfishafa til Hagstofunnar fyrstu árin gáfu ekki upplýsingar um upprunalönd rauðvína og hvítvína, en vegna eftirspurnar var skýrslugerð breytt þannig að frá og með árinu 2000 var tekin upp ný flokkun (sjá töflur 3 og 4) og því unnt að fylgjast með sölu þessara vína frá einstaka löndum. Mynd 4 sýnir sölu rauðvína eftir helstu upprunalöndum og er hlutur Frakklands langstærstur í upphafi tímabilsins, en hlutur rauðvína frá öðrum löndum hefur farið vaxandi. Vín frá Chile urðu söluhærra en vín frá Frakklandi á árinu 2003 og voru jafnframt söluhæst á árinu 2004. Árið 2005 voru rauðvín frá Spáni söluhæst, en á árunum 2006 og 2007 eru það aftur vín frá Chile sem eru söluhæst, en rauðvín frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi fylgja þar fast á eftir. Rauðvín frá Frakklandi eru nú komin í sjötta sætið. Frakkland hafði einnig sérstöðu hvað varðar sölu á hvítvínnum (sjá mynd 5), en árið 2005 féllu vín þaðan úr fyrsta sæti yfir í annað, en vín frá Ástralíu voru söluhæst. Árin 2006 og 2007 eru hvítvín frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi með mun meiri sölu en önnur hvítvín, en síðan eru það hvítvín frá Þýskalandi, Chile og Frakklandi. Þegar báðar myndirnar eru skoðaðar er ljóst að sala á vínnum frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi hefur aukist mikið frá árinu 2000, en mest hlutfallsleg aukning á þessu tímabili er þó í sölu á vínnum frá Suður-Afríku.


Mynd 4. Sala rauðvíns flokkuð eftir helstu löndum 2000–2007

Figure 4. Sale of red wine classified by country of origin 2000–2007



Mynd 5. Sala hvítvíns flokkuð eftir helstu löndum 2000–2007

Figure 5. Sale of white wine classified by country of origin 2000–2007




Samanburður við önnur lönd

Í samanburði við önnur lönd í Evrópu er bjórneysla á íbúa hér á landi líkust því sem er í Noregi, Svíþjóð og Sviss. Önnur lönd í Mið- og Norður-Evrópu eru með mun meiri bjórneyslu, allt að tvöfalt meiri, en vínræktarlöndin sunnar í álfunni eru hins vegar með minni bjórneyslu á íbúa. Mynd 6 sýnir áfengisneyslu í alkóhól-lítrum á íbúa 15 ára og eldri á Norðurlöndum árin 1995 og 2006 (tölur fyrir Danmörku eru þó frá árinu 2005), sjá einnig töflu 5. Aukningin er mest á Íslandi á þessu tímabili, en jafnframt var neyslan minnst á Íslandi og í Noregi í upphafi tímabilsins.

Mynd 6. Áfengisneysla á Norðurlöndum, á íbúa 15 ára og eldri

Figure 6. Consumption of alcoholic beverages in the Nordic countries, per inhabitant 15 years and over



Tafla 1. Áfengisneysla 1980–2007

Table 1. Consumption of alcoholic beverages 1980–2007

| Alkóhóllítrar alls <i>Litr. of pure alcohol</i> | Bjór <i>Beer</i> | | Létt vín <i>Wine</i> | | Sterk vín <i>Spirits</i> | | Gosblandaðir drykkir ¹ <i>Flavoured alcoholic beverages¹</i> | | |
|---|-------------------------------------|----------------------------------|-------------------------------------|----------------------------------|-------------------------------------|----------------------------------|---|----------------------------------|------|
| | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | | |
| | Seldir lítrar <i>Litres sold</i> | <i>Litr. of pure alcohol</i> | Seldir lítrar <i>Litres sold</i> | <i>Litr. of pure alcohol</i> | Seldir lítrar <i>Litres sold</i> | <i>Litr. of pure alcohol</i> | Seldir lítrar <i>Litres sold</i> | <i>Litr. of pure alcohol</i> | |
| 1.000 lítrar | | | | | | | | | |
| <i>1,000 litres</i> | | | | | | | | | |
| 1980 | 716,0 | · | · | 1.348,6 | 206,8 | 1.256,7 | 509,3 | · | · |
| 1987 | 855,6 | · | · | 1.672,0 | 209,0 | 1.611,0 | 646,6 | · | · |
| 1988 | 847,2 | · | · | 1.525,0 | 196,0 | 1.702,0 | 651,2 | · | · |
| 1989 | 1.045,0 | 6.946,7 | 359,9 | 1.168,6 | 144,8 | 1.383,6 | 540,2 | · | · |
| 1990 | 1.001,8 | 6.472,2 | 330,3 | 1.173,5 | 145,8 | 1.348,6 | 525,8 | · | · |
| 1991 | 996,9 | 6.043,3 | 307,1 | 1.260,3 | 155,5 | 1.371,6 | 534,3 | · | · |
| 1992 | 927,9 | 5.606,2 | 284,4 | 1.271,4 | 155,5 | 1.254,1 | 488,0 | · | · |
| 1993 | 882,3 | 5.864,0 | 295,8 | 1.250,9 | 150,7 | 1.126,8 | 435,9 | · | · |
| 1995 | 962,7 | 8.179,6 | 408,7 | 1.372,2 | 163,9 | 1.006,2 | 390,2 | · | · |
| 1997 | 1.050,1 | 9.826,1 | 496,8 | 1.720,9 | 199,4 | 917,7 | 353,9 | · | · |
| 1999 | 1.254,8 | 12.206,1 | 614,1 | 2.257,4 | 266,0 | 975,4 | 374,8 | · | · |
| 2000 | 1.324,4 | 13.048,3 | 653,4 | 2.365,4 | 289,7 | 978,4 | 374,1 | 152,0 | 7,2 |
| 2001 | 1.385,0 | 13.684,7 | 683,8 | 2.616,2 | 323,6 | 961,2 | 367,7 | 210,4 | 9,9 |
| 2002 | 1.444,9 | 14.565,7 | 727,5 | 2.816,4 | 352,2 | 908,8 | 348,8 | 343,0 | 16,4 |
| 2003 | 1.458,2 | 14.995,5 | 748,1 | 3.044,2 | 381,5 | 804,5 | 309,7 | 391,9 | 18,9 |
| 2004 | 1.523,1 | 15.987,3 | 792,0 | 3.303,7 | 415,2 | 772,4 | 296,9 | 382,3 | 18,9 |
| 2005 | 1.624,8 | 17.044,4 | 845,9 | 3.564,5 | 449,4 | 806,4 | 306,7 | 421,4 | 22,7 |
| 2006 | 1.721,6 | 18.160,3 | 903,2 | 3.744,7 | 471,8 | 863,4 | 325,9 | 407,9 | 20,7 |
| 2007 | 1.852,0 | 19.443,6 | 970,6 | 4.000,5 | 502,7 | 948,3 | 358,3 | 426,2 | 20,3 |
| Lítrar á hvern íbúa | | | | | | | | | |
| <i>Litres per inhabitant</i> | | | | | | | | | |
| 1980 | 3,14 | · | · | 5,91 | 0,91 | 5,51 | 2,23 | · | · |
| 1987 | 3,48 | · | · | 6,80 | 0,85 | 6,55 | 2,63 | · | · |
| 1988 | 3,39 | · | · | 6,10 | 0,78 | 6,81 | 2,61 | · | · |
| 1989 | 4,13 | 27,48 | 1,42 | 4,62 | 0,57 | 5,47 | 2,14 | · | · |
| 1990 | 3,93 | 25,40 | 1,30 | 4,61 | 0,57 | 5,29 | 2,06 | · | · |
| 1991 | 3,86 | 23,43 | 1,19 | 4,89 | 0,60 | 5,32 | 2,07 | · | · |
| 1992 | 3,55 | 21,47 | 1,09 | 4,87 | 0,60 | 4,80 | 1,87 | · | · |
| 1993 | 3,34 | 22,23 | 1,12 | 4,74 | 0,57 | 4,27 | 1,65 | · | · |
| 1995 | 3,60 | 30,59 | 1,53 | 5,13 | 0,61 | 3,76 | 1,46 | · | · |
| 1997 | 3,88 | 36,27 | 1,83 | 6,35 | 0,74 | 3,39 | 1,31 | · | · |
| 1999 | 4,53 | 44,04 | 2,22 | 8,14 | 0,96 | 3,52 | 1,35 | · | · |
| 2000 | 4,71 | 46,41 | 2,32 | 8,41 | 1,03 | 3,48 | 1,33 | 0,54 | 0,03 |
| 2001 | 4,86 | 48,01 | 2,40 | 9,18 | 1,14 | 3,37 | 1,29 | 0,74 | 0,03 |
| 2002 | 5,02 | 50,65 | 2,53 | 9,79 | 1,22 | 3,16 | 1,21 | 1,19 | 0,06 |
| 2003 | 5,04 | 51,84 | 2,59 | 10,52 | 1,32 | 2,78 | 1,07 | 1,35 | 0,07 |
| 2004 | 5,21 | 54,64 | 2,71 | 11,29 | 1,42 | 2,64 | 1,01 | 1,31 | 0,06 |
| 2005 | 5,49 | 57,61 | 2,86 | 12,05 | 1,52 | 2,73 | 1,04 | 1,42 | 0,08 |
| 2006 | 5,66 | 59,67 | 2,97 | 12,30 | 1,55 | 2,84 | 1,07 | 1,34 | 0,07 |
| 2007 | 5,95 | 62,44 | 3,12 | 12,85 | 1,61 | 3,05 | 1,15 | 1,37 | 0,07 |

Tafla 1. Áfengisneysla 1980–2007 (frh.)
 Table 1. Consumption of alcoholic beverages 1980–2007 (cont.)

| Alkóhóllítrar alls <i>Litr. of pure alcohol</i> | Bjór <i>Beer</i> | | Létt vín <i>Wine</i> | | Sterk vín <i>Spirits</i> | | Gosblandaðir drykkir ¹ <i>Flavoured alcoholic beverages¹</i> | | |
|---|-------------------------------------|----------------------------------|-------------------------------------|----------------------------------|-------------------------------------|----------------------------------|---|----------------------------------|------|
| | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | | |
| | Seldir lítrar <i>Litres sold</i> | <i>Litr. of pure alcohol</i> | Seldir lítrar <i>Litres sold</i> | <i>Litr. of pure alcohol</i> | Seldir lítrar <i>Litres sold</i> | <i>Litr. of pure alcohol</i> | Seldir lítrar <i>Litres sold</i> | <i>Litr. of pure alcohol</i> | |
| 1980 | 4,33 | • | • | 8,15 | 1,25 | 7,60 | 3,08 | • | • |
| 1987 | 4,67 | • | • | 9,13 | 1,14 | 8,80 | 3,53 | • | • |
| 1988 | 4,53 | • | • | 8,16 | 1,05 | 9,11 | 3,49 | • | • |
| 1989 | 5,52 | 36,67 | 1,90 | 6,17 | 0,76 | 7,30 | 2,85 | • | • |
| 1990 | 5,24 | 33,85 | 1,73 | 6,14 | 0,76 | 7,05 | 2,75 | • | • |
| 1991 | 5,14 | 31,16 | 1,58 | 6,50 | 0,80 | 7,07 | 2,76 | • | • |
| 1992 | 4,73 | 28,55 | 1,45 | 6,48 | 0,79 | 6,39 | 2,49 | • | • |
| 1993 | 4,45 | 29,58 | 1,49 | 6,31 | 0,76 | 5,68 | 2,20 | • | • |
| 1995 | 4,76 | 40,48 | 2,02 | 6,79 | 0,81 | 4,98 | 1,93 | • | • |
| 1997 | 5,09 | 47,63 | 2,41 | 8,34 | 0,97 | 4,45 | 1,72 | • | • |
| 1999 | 5,91 | 57,48 | 2,89 | 10,63 | 1,25 | 4,59 | 1,76 | • | • |
| 2000 | 6,14 | 60,51 | 3,03 | 10,97 | 1,34 | 4,54 | 1,73 | 0,70 | 0,03 |
| 2001 | 6,32 | 62,47 | 3,12 | 11,94 | 1,48 | 4,39 | 1,68 | 0,96 | 0,05 |
| 2002 | 6,53 | 65,81 | 3,29 | 12,73 | 1,59 | 4,11 | 1,58 | 1,55 | 0,07 |
| 2003 | 6,52 | 67,09 | 3,35 | 13,62 | 1,71 | 3,60 | 1,39 | 1,75 | 0,08 |
| 2004 | 6,71 | 70,46 | 3,49 | 14,56 | 1,83 | 3,40 | 1,31 | 1,69 | 0,08 |
| 2005 | 7,05 | 73,95 | 3,67 | 15,46 | 1,95 | 3,50 | 1,33 | 1,83 | 0,10 |
| 2006 | 7,20 | 75,99 | 3,78 | 15,67 | 1,97 | 3,61 | 1,36 | 1,71 | 0,09 |
| 2007 | 7,53 | 79,08 | 3,95 | 16,27 | 2,04 | 3,86 | 1,46 | 1,73 | 0,08 |

Skýringar Notes: Sala sterks bjórs hófst 1. mars 1989. Frá og með 1. desember 1995 var einkaréttur ÁTVR til innflutnings áfengis og sölu til endurseljenda afnuminn og innflyjendum, framleiðendum og heildsölum, sem höfðu til þess sérstakt leyfi, heimiluð sala til endurseljenda. Frá árinu 1995 ná tölur því yfir sölu ÁTVR og annarra leyfishafa. Ekki er meðtalið það áfengi sem ferðamenn eða áhafnir skipa og flugvéla flytja með sér inn í landið. *The sale of beer was legalised on 1 March 1989. As of 1 December 1995 the State monopoly on the import and wholesale of alcohol was abolished and importers, producers and wholesalers holding a special licence were permitted to resell alcohol. From 1995 the figures cover the sales of ÁTVR and the sales of licence holders. The figures on quantity do not take into account alcohol imported by ship and aircraft crews and tourists entering the country.*

¹ Gosblandaðir drykkir með áfengisgrunn yfir 22%. *Soda beverages with alcohol base exceeding 22% alcohol.*

Tafla 2. Sala áfengis í lítrum eftir helstu tegundum 2000–2007

Table 2. Sale of alcoholic beverages classified according to common types 2000–2007

| | 2000 | 2002 | 2003 | 2005 | 2006 | 2007 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Alls Total | 16.544.117 | 18.633.802 | 19.236.009 | 21.836.663 | 23.176.263 | 24.818.470 |
| Rauðvín <i>Red wine</i> | 1.215.602 | 1.606.520 | 1.770.031 | 2.067.528 | 2.114.027 | 2.195.248 |
| Hvítvín <i>White wine</i> | 521.657 | 632.963 | 710.510 | 934.545 | 1.073.315 | 1.256.263 |
| Rósavín <i>Rose</i> | 133.478 | 120.259 | 120.556 | 121.469 | 102.612 | 100.052 |
| Freyðivín <i>Sparkling wine</i> | 160.540 | 142.691 | 141.807 | 157.461 | 167.091 | 177.810 |
| Sérrí <i>Sherry</i> | 56.211 | 49.538 | 46.254 | 38.221 | 34.818 | 33.289 |
| Portvín <i>Port</i> | 23.824 | 25.848 | 24.361 | 23.470 | 25.001 | 24.572 |
| Koníak/brandí <i>Cognac/brandy</i> | 76.457 | 77.817 | 73.767 | 70.196 | 70.376 | 73.785 |
| Viskí <i>Whisky</i> | 123.992 | 115.642 | 105.956 | 106.288 | 108.773 | 113.866 |
| Vodka | 400.931 | 378.806 | 331.323 | 313.851 | 347.493 | 399.954 |
| Gin | 87.490 | 93.441 | 82.497 | 84.486 | 84.495 | 89.722 |
| Líkjörar <i>Liqueurs</i> | 140.103 | 146.010 | 132.324 | 128.838 | 113.665 | 113.812 |
| Annað <i>Other</i> | 555.569 | 678.615 | 701.128 | 745.891 | 774.305 | 796.131 |
| Bjór <i>Beer</i> | 13.048.262 | 14.565.654 | 14.995.494 | 17.044.420 | 18.160.292 | 19.443.965 |

Skýringar Notes: Í töflunni er sýnd flokkun áfengis samkvæmt eldri vöruflokkum. Sjá töflu 4 vegna nýrrar flokkunar sem tók gildi í janúar 2000. The classification in the table has been revised. See table 4 for new classification.

Tafla 3. Heildarsala rauðvíns og hvítvíns eftir löndum árin 2004–2007

Table 3. Total sale of red wine and white wine classified by country of origin 2004–2007

| Lítrar <i>Litres</i> | | | Breyting | | | Breyting | | |
|--|------------------|------------------|--|------------------|-------------|--|-------------|--|
| | 2004 | 2005 | frá fyrra ári % Change from prev. year % | 2006 | 2007 | frá fyrra ári % Change from prev. year % | 2007 | frá fyrra ári % Change from prev. year % |
| Rauðvín alls <i>Red wine, total</i> | 1.935.020 | 2.067.528 | 6,8 | 2.114.028 | 2,2 | 2.195.249 | 3,8 | |
| Frakkland <i>France</i> | 288.718 | 271.555 | -5,9 | 188.150 | -30,7 | 167.047 | -11,2 | |
| Ítalía <i>Italy</i> | 324.920 | 285.642 | -12,1 | 279.960 | -2,0 | 320.834 | 14,6 | |
| Spánn <i>Spain</i> | 290.333 | 357.193 | 23,0 | 325.583 | -8,8 | 342.200 | 5,1 | |
| Evrópa, annað <i>Europe other</i> | 7.046 | 10.870 | 54,3 | 10.593 | -2,5 | 10.131 | -4,4 | |
| Bandaríkin <i>USA</i> | 132.190 | 134.429 | 1,7 | 119.878 | -10,8 | 128.508 | 7,2 | |
| Argentína <i>Argentina</i> | 57.011 | 80.848 | 41,8 | 59.444 | -26,5 | 96.019 | 61,5 | |
| Chile <i>Chile</i> | 371.141 | 344.242 | -7,2 | 438.472 | 27,4 | 474.711 | 8,3 | |
| Suður-Afríka <i>South Africa</i> | 219.953 | 224.286 | 2,0 | 264.738 | 18,0 | 194.981 | -26,3 | |
| Ástralía og Nýja-Sjáláland <i>Australia and New Zealand</i> | 233.497 | 350.578 | 50,1 | 419.671 | 19,7 | 456.138 | 8,7 | |
| Annað <i>Other</i> | 10.211 | 7.886 | -22,8 | 7.541 | -4,4 | 4.678 | -38,0 | |
| Hvítvín alls <i>White wine, total</i> | 814.887 | 934.545 | 14,7 | 1.073.315 | 14,8 | 1.256.263 | 17,0 | |
| Frakkland <i>France</i> | 167.605 | 153.811 | -8,2 | 152.887 | -0,6 | 162.951 | 6,6 | |
| Ítalía <i>Italy</i> | 95.850 | 93.419 | -2,5 | 98.570 | 5,5 | 113.809 | 15,5 | |
| Spánn <i>Spain</i> | 48.153 | 58.707 | 21,9 | 54.902 | -6,5 | 61.848 | 12,7 | |
| Þýskaland <i>Germany</i> | 96.218 | 128.666 | 33,7 | 160.300 | 24,6 | 198.554 | 23,9 | |
| Evrópa, annað <i>Europe other</i> | 3.934 | 2.517 | -36,0 | 4.353 | 72,9 | 4.261 | -2,1 | |
| Bandaríkin <i>USA</i> | 80.029 | 85.158 | 6,4 | 80.461 | -5,5 | 96.340 | 19,7 | |
| Chile <i>Chile</i> | 98.920 | 121.235 | 22,6 | 155.997 | 28,7 | 180.810 | 15,9 | |
| Suður-Afríka <i>South Africa</i> | 75.692 | 82.661 | 9,2 | 115.539 | 39,8 | 106.949 | -7,4 | |
| Ástralía og Nýja-Sjáláland <i>Australia and New Zealand</i> | 126.596 | 168.705 | 33,3 | 222.820 | 32,1 | 288.801 | 29,6 | |
| Annað <i>Other</i> | 21.889 | 39.664 | 81,2 | 27.486 | -30,7 | 41.939 | 52,6 | |

Tafla 4. Heildarsala áfengis í lítrum og alkóhóllítrum eftir vöruflokkum árin 2006–2007

Table 4. Total sale of alcohol in litres and litres of pure alcohol 2006–2007

| | 2006 | | 2007 | | Breyting frá fyrra ári % Change from prev. year % | |
|--|-------------------|---------------------------|-------------------|---------------------------|--|---------------------------|
| | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | |
| | Lítrar Litres | Litres of pure alcohol | Lítrar Litres | Litres of pure alcohol | Lítrar Litres | Litres of pure alcohol |
| Alls Total | 23.176.263 | 1.721.605 | 24.818.470 | 1.851.978 | 7,1 | 7,6 |
| Rauðvín alls Red wine, total | 2.114.027 | 277.646 | 2.195.248 | 288.747 | 3,8 | 4,0 |
| Frakkland <i>France</i> | 188.150 | 23.599 | 167.047 | 21.108 | -11,2 | -10,6 |
| Ítalía <i>Italy</i> | 279.960 | 34.817 | 320.834 | 40.327 | 14,6 | 15,8 |
| Spánn <i>Spain</i> | 325.583 | 42.294 | 342.200 | 44.841 | 5,1 | 6,0 |
| Evrópa, annað <i>Europe other</i> | 10.592 | 1.342 | 10.131 | 1.297 | -4,4 | -3,4 |
| Bandaríkin <i>USA</i> | 119.878 | 15.662 | 128.508 | 16.551 | 7,2 | 5,7 |
| Argentína <i>Argentina</i> | 59.444 | 8.016 | 96.019 | 12.798 | 61,5 | 59,7 |
| Chile <i>Chile</i> | 438.472 | 57.504 | 474.711 | 62.053 | 8,3 | 7,9 |
| Suður-Afríka <i>South Africa</i> | 264.738 | 35.928 | 194.981 | 26.397 | -26,3 | -26,5 |
| Ástralía og Nýja-Sjáland <i>Australia and New Zealand</i> | 419.671 | 57.491 | 456.138 | 62.728 | 8,7 | 9,1 |
| Annað <i>Other</i> | 7.541 | 994 | 4.678 | 645 | -38,0 | -35,1 |
| Hvítvín alls White wine, total | 1.073.315 | 128.805 | 1.256.263 | 149.983 | 17,0 | 16,4 |
| Frakkland <i>France</i> | 152.887 | 18.588 | 162.951 | 20.030 | 6,6 | 7,8 |
| Ítalía <i>Italy</i> | 98.570 | 11.842 | 113.809 | 13.768 | 15,5 | 16,3 |
| Spánn <i>Spain</i> | 54.902 | 6.609 | 61.848 | 7.449 | 12,7 | 12,7 |
| Þýskaland <i>Germany</i> | 160.300 | 14.898 | 198.554 | 18.003 | 23,9 | 20,8 |
| Evrópa, annað <i>Europe other</i> | 4.353 | 544 | 4.261 | 520 | 72,9 | 71,6 |
| Bandaríkin <i>USA</i> | 80.461 | 9.845 | 96.340 | 11.808 | 19,7 | 19,9 |
| Chile <i>Chile</i> | 155.997 | 20.457 | 180.810 | 23.741 | 15,9 | 16,1 |
| Suður-Afríka <i>South Africa</i> | 115.539 | 14.559 | 106.949 | 13.222 | -7,4 | -9,2 |
| Ástralía og Nýja-Sjáland <i>Australia and New Zealand</i> | 222.820 | 27.892 | 288.801 | 35.972 | 29,6 | 29,0 |
| Annað <i>Other</i> | 27.486 | 3.570 | 41.939 | 5.470 | 52,6 | 53,2 |
| Rósavín Rosé | 102.612 | 9.359 | 100.052 | 9.113 | -2,5 | -2,6 |
| Freyðivín Sparkling wine | 167.091 | 16.579 | 177.810 | 17.700 | 6,4 | 6,8 |
| Kampavín <i>Champagne</i> | 28.849 | 3.476 | 33.791 | 4.068 | 17,1 | 17,0 |
| Annað freyðivín <i>Other sparkling wine</i> | 138.242 | 13.103 | 144.020 | 13.632 | 4,2 | 4,0 |
| Styrkt vín Fortified wine | 62.588 | 11.160 | 59.833 | 10.679 | -4,4 | -4,3 |
| Sérí <i>Sherry</i> | 34.818 | 5.774 | 33.289 | 5.506 | -4,4 | -4,6 |
| Portvín <i>Port</i> | 25.001 | 4.933 | 24.572 | 4.841 | -1,7 | -1,9 |
| Annað <i>Other</i> | 2.769 | 453 | 1.972 | 332 | -28,8 | -26,7 |
| Ávaxtavín o.fl. Fruit wine etc. | 83.365 | 4.906 | 88.740 | 5.263 | 6,4 | 7,3 |
| Koníak/brandí Cognac/brandy | 70.376 | 27.775 | 73.785 | 29.085 | 4,8 | 4,7 |
| Koníak VS & VSOP | | | | | | |
| Cognac VS & VSOP | 57.796 | 23.125 | 60.435 | 24.183 | 4,6 | 4,6 |
| Ávaxta- og hratbrandí | | | | | | |
| Fruit brandy and Grappa | 1.097 | 444 | 1.450 | 586 | 32,3 | 31,9 |
| Annað brandí <i>Other brandies</i> | 11.483 | 4.205 | 11.900 | 4.315 | 3,6 | 2,6 |
| Viskí Whisky | 108.773 | 43.763 | 113.866 | 45.818 | 4,7 | 4,7 |
| Skotland <i>Scotland</i> | 73.137 | 29.505 | 76.595 | 30.908 | 4,7 | 4,8 |
| Írland <i>Ireland</i> | 24.854 | 9.942 | 25.211 | 10.084 | 1,4 | 1,4 |
| Annað <i>Other</i> | 10.781 | 4.316 | 12.060 | 4.825 | 11,9 | 11,8 |

Tafla 4. Heildarsala áfengis í lítrum og alkóhóllítrum eftir vöruflokkum árin 2006–2007 (frh.)
 Table 4. Total sale of alcohol in litres and litres of pure alcohol 2006–2007 (cont.)

| | 2006 | | 2007 | | Breyting frá fyrra ári % Change from prev. year % | |
|---|-------------------|---------------------------|-------------------|---------------------------|--|---------------------------|
| | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | | Alkóhóllítrar | |
| | Lítrar Litres | Litres of pure alcohol | Lítrar Litres | Litres of pure alcohol | Lítrar Litres | Litres of pure alcohol |
| Romm og rommlíki | | | | | | |
| <i>Rum and spiced rum</i> | 86.269 | 31.323 | 94.163 | 34.274 | 9,2 | 9,4 |
| Tequila og Mezcal | 5.456 | 2.068 | 7.776 | 2.951 | 42,5 | 42,7 |
| Vodka | 347.493 | 133.605 | 399.954 | 153.851 | 15,1 | 15,2 |
| Einiberjavín | | | | | | |
| <i>Juniper flavoured spirits drinks</i> | 86.076 | 34.348 | 90.819 | 36.419 | 5,5 | 6,0 |
| Gin | 84.495 | 33.754 | 89.722 | 36.004 | 6,2 | 6,7 |
| Sénever <i>Genever</i> | 1.581 | 594 | 1.098 | 415 | -30,6 | -30,1 |
| Snafs <i>Schnapps</i> | 35.654 | 13.579 | 46.123 | 16.753 | 29,4 | 23,4 |
| Ákavíti og brennivín <i>Aquavit</i> | 28.066 | 11.022 | 28.069 | 11.021 | 0,0 | 0,0 |
| Annað <i>Other</i> | 7.588 | 2.557 | 18.054 | 5.732 | 137,9 | 124,1 |
| Líkjörar <i>Liqueurs</i> | 113.665 | 27.483 | 113.812 | 27.499 | 0,1 | 0,1 |
| Bitterar, kryddvín og aperítifar | | | | | | |
| <i>Bitters, aromatized wine and aperitives</i> | 70.317 | 16.481 | 72.364 | 17.054 | 2,9 | 3,5 |
| Bitterar <i>Bitters</i> | 45.807 | 12.809 | 46.247 | 13.143 | 1,0 | 2,6 |
| Kryddvín, Vermútar og Aperítifar <i>Aromatized wine, vermouth and aperitives</i> | 24.510 | 3.672 | 26.117 | 3.911 | 6,6 | 6,5 |
| Aðrir blandaðir drykkir | | | | | | |
| <i>Other alcoholic drinks</i> | 488.893 | 39.570 | 483.896 | 36.163 | -1,0 | -8,6 |
| Bjór <i>Beer</i> | 18.160.292 | 903.155 | 19.443.965 | 970.627 | 7,1 | 7,5 |

Tafla 5. Áfengissala á Norðurlöndum 1991–2006

Table 5. Sales of alcoholic beverages in the Nordic countries 1991–2006

| Alkóhóllítrar ¹ Litres of pure alcohol ¹ | 1991 | 1995 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| Danmörk <i>Denmark</i> | 11,5 | 12,1 | 11,6 | 11,6 | 11,5 | 11,6 | 11,3 | 11,5 | 11,4 | 11,3 | ... |
| Færeyjar <i>Faroe Islands</i> | 6,7 | 6,3 | 6,6 | 6,6 | 6,8 | 6,9 | 7,0 | 6,9 | 6,7 | 6,6 | 6,8 |
| Grænland <i>Greenland</i> | 15,0 | 12,6 | 13,3 | 13,2 | 13,4 | 12,5 | 12,3 | 12,7 | ... | 12,1 | 11,7 |
| Finnland <i>Finland</i> | 9,2 | 8,3 | 8,7 | 8,6 | 8,6 | 9,0 | 9,2 | 9,3 | 9,9 | 10,0 | 10,1 |
| Álandseyjar <i>Åland Islands</i> | ... | 5,8 | 6,0 | 6,1 | 6,1 | 6,3 | 6,4 | 6,4 | 6,7 | 6,6 | 6,9 |
| Ísland <i>Iceland</i> | 5,1 | 4,8 | 5,6 | 5,9 | 6,1 | 6,3 | 6,5 | 6,5 | 6,7 | 7,1 | 7,2 |
| Noregur <i>Norway</i> | 4,8 | 4,8 | ... | 5,5 | 5,6 | 5,5 | 5,9 | 6,0 | 6,2 | 6,4 | 6,5 |
| Svíþjóð <i>Sweden</i> | 6,3 | 6,2 | 5,8 | 6,1 | 6,2 | 6,5 | 6,9 | 7,0 | 6,5 | 6,6 | 6,8 |

Skýringar Notes: Þrípunktur (...) merkir að upplýsingar eru ekki fyrir hendi. ... = data not available.

¹ Alkóhóllítrar á mann 15 ára og eldri. Litres of pure alcohol per inhabitant aged 15 years and over.

English summary

Consumption of alcoholic beverages in Iceland has increased from 4.33 litres of pure alcohol per inhabitant 15 years and over in 1980 to 7.53 litres of pure alcohol in 2007. The sale of beer (over 2.25% by volume) made a turning point in the consumption pattern. In 1988, the year before the sale of beer was legalised, strong spirits amounted to 77% of the total consumption of alcohol while wine was 23%. The consumption of both beverages dropped considerably the next year, strong spirits to 52% and wine to 14%, while the beer accounted for 34%. From then on there has been a steady rise, proportional, in the consumption of beer and wine, while there has been a decrease in spirits consumption. In the year 2007 the consumption of beer amounted to 52% of the total consumption of alcoholic beverages (pure alcohol per capita 15 years and over), wine to 27%, spirits to 19% and flavoured alcoholic beverages amounted to 1%. Table 1 shows total sale of alcoholic beverages from 1980 to 2007, litres per inhabitant and litres per inhabitant 15 years and over. Tables 2, 3 and 4 show sale according to types of alcohol and table 5 shows a comparison between the Nordic countries. The obvious trend since 1989 is the decreased sale of spirits and the increased sale of beer, and in later years the increased sale of wines.

Annual statistics on alcohol sale are available back to year 1881 in Iceland. Since 1993 alcoholic beverages with 22% or less alcohol volume, except beer, are counted as wine and those over 22% by volume are counted as spirits. As of 1 December 1995 the State monopoly on the import and wholesale of alcohol was abolished and importers, producers and whole-salers holding a special licence issued by the Ministry of Finance (later by the National Commissioner of the Icelandic Police) were permitted to resell alcohol. From 1995 the figures cover the sales of ÁTVR and the sales of licence holders. The figures on quantity do not take into account alcohol imported by ship and aircraft crews and tourists entering the country, nor alcohol exported by the ÁTVR and others, or sold to the Duty Free Store at Keflavík Airport.

Hagtiðindi **Verðlag og neysla**
Statistical Series ***Prices and consumption***

93. árgangur nr. 21

2008:3

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-570X (pappír *paper*) • ISSN 1670-5718 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Edda Hermannsdóttir • edda.hermannsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series